

ÁSKORUN UM STEFNUMÓTUN Í ENDURHÆFINGU

Draga má verulega úr fjölmörgum fylgikvillum krabbameina og meðferða með endurhæfingu sem hjálpa einstaklingum að takast betur á við daglegt líf, stunda atvinnu og búa við betri lífsgæði. Þetta kom fram á málþinginu *Endurhæfing alla leið* sem fram fór fyrir fullum sal Hátíðarsal Háskóla Íslands í dag. **Skorað var á heilbrigðisyfirvöld að leggja fram stefnumótun og fjármagnaða aðgerðaráætlun varðandi endurhæfingu þeirra sem greinast með krabbamein á Íslandi.**

Margvíslegir fylgikvillar fylgja sjúkdómnum og meðferðum honum tengdum, bæði af sálrænum, líkamlegum, félagslegum og tilvistarlegum toga. Rannsóknir sýna að fjölþætt endurhæfing getur dregið úr þessum fylgikvillum og hjálpað einstaklingnum að takast betur á við daglegt líf, stunda atvinnu og búa við betri lífsgæði.

Ýmis endurhæfingarúrræði hafa verið í boði á Íslandi síðastliðin ár en það hefur verið misjafnt og tilviljunarkennt hverjir fá markvissa endurhæfingarþjónustu og hvenær í ferlinu hún er veitt. Ástæður þess eru meðal annars vöntun skýrrar stefnumótunar og framkvæmdaráætlunar frá heilbrigðisyfirvöldum um málefnið, skortur á samstarfi milli þjónustuaðila, skortur á sérhæfðu fagfólki á öllum þjónustustigum og skortur á fjármagni til málaflöksins.

„Það má sannarlega segja að brotið hafi verið blað í sögu endurhæfingar krabbameinsgreindra á Íslandi þegar þessi félög og stofnanir sem koma að málefninu sameinuðust í fyrsta sinn,“ segir Ágústa Kristín Andersen, hjúkrunarfræðingur á Landspítala og einn skipuleggjenda ráðstefnunnar; „Þetta er fyrsta skrefið sem stigið er í átt til samræmingar verklags með nýjustu vitneskju um árangursríkar aðferðir að leiðarljósi. Með samvinnu getum við bætt utanumhald, efti úrræði og styrkt þær stoðir sem fyrir eru.“

Á málþinginu kom fram mikilvægi þess að litið sé á endurhæfingu sem sjálfsgöðan hluta af meðferð fólks sem greinist með krabbamein, í gegnum allt sjúkdómsferlið, hvort sem um lækningu eða líkn er að ræða. „Sameiginlegur skilningur á því hvað felst í endurhæfingu skiptir miklu máli og hvaða árangri hún skilar til einstaklingsins, aðstandenda hans og til samfélagsins alls,“ segir Ágústa.

Samkvæmt upplýsingum úr Krabbameinsskrá Íslands greinast nú árlega rúmlega 1500 manns með krabbamein og sífellt fleiri eru á lífi eftir greiningu sjúkdómsins. Fimm ára lífshorfur hafa meira en tvöfaldast frá upphafi skráninga á Íslandi og dánartíðni hefur lækkað frá árinu 2000. Í árslok 2016 var 14.491 einstaklingur á lífi sem greinst hafði með krabbamein. Spáð er um 30% aukingu nýgreininga á næstu 15 árum sem skýrist fyrst og fremst af hækkandi aldri og fjölgun íbúa. Þeim einstaklingum mun því fjölga stöðugt sem greinast, lækna og lifa í mörg ár með krabbamein sem langvinnan sjúkdóm.

Áskorun

Skorað var á heilbrigðisyfirvöld að marka skýra endurhæfingarstefnu fyrir krabbameinsgreinda með fjármagnaðri aðgerðaráætlun. Mikilvægt er að samfélagið eigi heildstæða áætlun sem tryggir jafnt aðgengi að viðeigandi endurhæfingarþjónstu óháð efnahag á öllum stigum sjúkdómsins. Þær stofnanir og félög sem stóðu að málþinginu, lýstu sig reiðubúin til þess að vera heilbrigðisyfirvöldum innan handar um þá stefnumótun og áætlun og lagt var til að endurhæfingarteymi krabbameinsgreindra á Landspítala

yrði leiðandi í gerð og framkvæmd slíkrar áætlunar. Eðlilegt er að slík áætlun sé hluti af íslenskri krabbameinsáætlun.

„Við vonumst til þess að málþingið og áskorunin sé stórt skref í rétta átt að aukinni vakningu almennings og stjórnvalda um endurhæfingu fólks sem greinst hefur með krabbamein, og að stjórnvöld taki strax við sér og styðji enn betur við þennan mikilvæga málaflokk, til heilla fyrir alla þjóðina,“ segir Ágústa.

Að málþinginu stóðu Endurhæfingarteymi fyrir krabbameinsgreinda á Landspítala, Krabbameinsfélag Íslands, Ljósíð, Kraftur, Heilsustofnun NLFÍ og Reykjalundur.

Nánari upplýsingar veitir:

Ágústa Kristín Andersen, hjúkrunarfræðingur á LSH, agustak@landspitali.is, í síma 662 2586.

ENDURHÆFING ALLA LEIÐ		
Málþing um stöðu og stefnu endurhæfingar fólks sem greinst hefur með krabbamein		
	Hátíðarsal Háskóla Íslands 3. maí 2018 kl. 15:00	
		